

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um öryggi net- og upplýsingakerfa veitenda stafrænnar þjónustu, nr. 1255/2020.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. reglugerðarinnar, ásamt fyrirsögn:

a. Ný greinarfyrirsögn ákvæðisins verður: *Gildissvið og innleiðing ESB-gerðar.*

b. Ný málsgrein bætist við sem verður lokamálsgrein og orðast svo:

Með reglugerð þessari öðlast gildi hér á landi, með þeim breytingum og viðbótum sem leiða af XI. viðauka við EES-samninginn, bókun 1 um altæka aðlögun og öðrum ákvæðum samningsins, framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/151 frá 30. janúar 2018 um reglur um beitingu tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1148 að því er varðar frekari forskriftir varðandi þá þætti sem veitendur stafrænnar þjónustu eiga að taka tillit til í því skyni að stýra þeirri áhættu sem steðjar að öryggi net- og upplýsingakerfa og varðandi þær kennistærðir sem notaðar eru til að ákvarða hvort atvik hafi verulega skerðandi áhrif, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 21/2022, birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi ESB nr. 77/2024, dags. 17. október 2024, bls. 37-40.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 7., 8. og 28. gr. laga um öryggi net- og upplýsingakerfa mikilvægra innviða, nr. 78/2019, og öðlast þegar gildi.

Innviðaráðuneytinu, 21. nóvember 2025.

Eyjólfur Ármannsson.

Ingilín Kristmannsdóttir.

B deild - Útgáfudagur: 8. desember 2025